



TOLLSTJÓRI

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. *B* 139/1280

Dagur 11.2.2011

Reykjavík 9. febrúar 2011.

Málefni: *Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði. Þingskjal 433 - 351. mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011.*

Tollstjóri hefur móttengið erindi Viðskiptanefndar Alþingis, sent með tölvupósti 31. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði (EES-reglur, heildarlög), 351. mál.

Í frumvarpinu felast breytingar sem ætlað er að afmarka nánar og skýra reglur um starfsemi sjóða um sameiginlega fjárfestingu auk þess sem með frumvarpinu eru innleidd ákvæði tilskipunar 2007/16/EB um breytingar á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS).

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir við frumvarpið enda mun það ekki hafa áhrif á starfsemi embættisins þótt frumvarpið verði óbreytt að lögum. Rétt er þó að benda á að samkvæmt 74. gr. frumvarpsins er gildistaka laganna sögð vera 1. janúar 2011.

Virðingarfyllst,

Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri